

Fundur stjórnar foreldrafélags Grundaskóla

Fimmtudaginn 25. ágúst 2022 kl. 17:00

Fundargerð

Mættir: Anna María Þórðardóttir, form., Marsibil Björk Eiríksdóttir, Einar Getur Jónasson, Flosi Einarsson, Sigurður Arnar Sigurðsson.

Forföll: Gréta Jónsdóttir, Kristján Kristjánsson, Hannes Sigurbjörn Jónsson, Ólöf Helga Jónsdóttir

1. Starf foreldrafélags Grundaskóla – form og skipulag

Rætt um ákvarðanir stjórnar og umræður frá því í vor. M.a. var rætt um umhverfisdag, skipulag starfs, boðun funda o.fl. Stefnt er að því að foreldraráðið sé sem sjálfstæðast og geti boðað skólastjórnendur til funda eða fundað eitt og sér ef það hentar betur. Rætt um að útbúa hugmyndalista fyrir hvern árgang sem bekkjarfulltrúar geta haft til stuðnings og leiðsagnar. Skólastjórnendum falið að vinna drög að slíkum lista og senda á stjórn foreldrafélagsins.

2. Kynning skólastjóra á áherslum í skólastarfi Grundaskóla 2022-2023

Skólastjóri kynnti helstu áherslur skólastarfsins skólaárið 2022-2023. Í þeirri yfirferð var m.a. rætt um áherslu á líðan og vinnu með félagstengsl, uppbyggingu raungreinakennslu með áherslu á umhverfisvernd. eðlisfræðikennslu og líffræði. Afrekshóp í stærðfræði í samstarfi við FVA, kennslu í Kynjafræði sem valgrein, Yoga, þýsku, útvarpsrekstur o.m.fl. Í vetur verður einnig lögð áhersla á að byggja upp samsöng í öllum árgöngum en staðan í þeim málum hefur versnað í Covid.

3. Nemendatölvur – reglur og ábyrgð

Bæjaryfirvöld hafa tekið ákvörðun um að kaupa fartölvur fyrir tvo árganga skólans og er stefnan að tölvurnar verði afhentar nemendum til umsjónar. Mikil umræða skapaðist um þetta mál. Stjórn Foreldrafélags Grundaskóla leggur áherslu á að vandað sé til undirbúnings og markmiðasetningar. Kynna þarf foreldrum vel fyrirkomulag, þátttöku og ábyrgð. Einnig telur

stjórnin mikilvægt að huga að kennslufræðilegum undirbúningi og reglum um verkefnið. Stjórn Foreldrafélags Grundaskóla styður eindregið þá hugmyndafræði sem skólastjórn skólans hefur lagt í málinu til þessa.

4. Þjónustupættir:

- Salatborð í mötuneyti
 - Höfum byggt upp frá því í vor og gengur vel.
- Tilraun með mjólkurtilboð
 - Spurning hvort þetta er óþarfi og einblína eigi á vatnsdrykkju eða hafa val einn og einn dag.
- Ávaxtastund – tilraunaverkefni
 - Erfitt er að taka upp ávaxtastund sem valtilboð þar sem það olli mismunun á milli nemenda. Skólastjórar kynntu nýja leið sem felst í að ávaxtabitar verði í boði tengt matartíma. Einnig verði tekin upp ávaxtakynning sem holt nesti fyrir nemendur í 1.-5. bekk. Einn ávöxtur er tekinn fyrir og kynntur og öllum nemendum boðið að smakka án greiðslu frá foreldrum.

5. Önnur mál

- Rætt um húsnæðismál skólans og aðstæður skoðaðar í C-byggingu. Farið yfir áform um byggingaframkvæmdir og helstu vandamál sem skólinn stendur frammi fyrir. Stjórnin lýsir yfir miklum áhyggjum af stöðunni og óskar eftir því að skólastjórn komi þeim áhyggjum á framfæri við bæjaryfirvöld.
- Rætt um fjárhagsáætlun skólans og stöðugildi. Skólastjóri gerði grein fyrir málinu og þeim hugmyndum sem hann hafi á málinu og næstu skrefum. Í þessu sambandi er rætt sérstaklega um styrkingu stoðþjónustu er varðar fagaðila og stuðningsfulltrúa. Einnig er mikilvægt að manna stjórnun skólans betur en stöðugildi eru lægri en almennt gerist.

- Rætt um símamál og mikilvægi þess að reglum skólans er fylgt. Stjórn Foreldrafélags Grundaskóla ítrekar stuðning sinn við settar reglur.
- Fyrirspurn um sturtumál í íþróttamannvirkjum að Jaðarsbökkum. Skólastjórn tekur til frekari skoðunar.
- Rætt um haustdag á skólalóð. Stjórnin ætlar að undirbúa betur á næstu dögum.

Fundi slitið kl. 19:50

Fundarritun SAS